

Mál nr. 119/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar flutningsaðila

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél í bifreið í flutningi.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 31.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.4.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A í eigu M var flutt á vegum B frá Akureyri til Reykjavíkur í október 2008. Að loknum flutningi til Reykjavíkur kom í ljós að vél A skemmd. Samkvæmt matsgerðum tveggja vélfróðra aðila sem M aflaði má rekja skemmdirnar til þess að vélin hafi verið sett á yfirsúning og að því er virðist í einhvern tíma og eða meðan vélin var köld.

M hefur krafist bóta hjá vátryggingafélaginu X vegna vélarskemmdanna. X kveður M hafa krafist bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B. X hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeirri forsendu að vátryggingin taki ekki til skemmda á munum sem B hafi í vörslum sínum og hins vegar að ekki sé sýnt fram á bótaábyrgð B á tjóni M.

Álit.

Í skilmálum fyrrgreindrar ábyrgðartryggingar hjá X segir í grein 6.2 að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans. Um það er ekki deilt að B hafði tekið A til flutnings og A var af þeim sökum í vörslum B þegar skemmdirnar eru sagðar hafa orðið á vélinni. Af þessu leiðir með vísan til téðs skilmálaákvæðis að tjónið er ekki bótaskylt úr vátryggingunni.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki að sjá að um aðrar vátryggingar sé að tefla hjá X sem til álita geta komið varðandi greiðslu bóta vegna tjónsins. Að fenginni þessari niðurstöðu er það ekki á færi úrskurðarnefndar að fjalla frekar um flutningsábyrgð B.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. maí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.